

Skuldir og eigið fé:

Lán frá almennu deildinni	kr.	11 582 668.70
Ógreiddir áfallnir vextir	—	4 643 554.00
Föst lán	—	90 000 000.00
Eigið fé:		
Hrein eign 1/1 1973	kr.	24 725 871.50
Tekjur umfram gjöld 1973	—	12 834 125.40
		<hr/>
	—	37 559 996.90

Kr. 143 786 219.60

Reykjavík, 14. febrúar 1974.

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Birgir L. Blöndal, aðalbókari.

21. október 1975.

Nr. 466.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Kópavogi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Kópavogi.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá þessu banni í eftirgreindum tilvikum:

1. Ef fyrir liggur umsókn lögreglustjóra eða dómsmálaráðuneytis að halda hunda vegna björgunar- og gæslustarfa.
2. Ef blindir menn sækja um leyfi til að halda hund sér til leiðsagnar.
3. Ef fyrir liggur umsögn héraðslæknis og félagsráðgjafa um það, að nauðsynlegt sé fyrir umsækjanda að halda hund vegna heimilisástæðna. Er þá átt við gæludýr fyrir fólk, sem á við sálræn vandamál að etja.

3. gr.

Undanþágur samkv. framansögðu má aðeins veita með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins og þar fær eigandi ól um háls hundsins.
- b) Skytt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi.
- c) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- d) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda.
- e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

4. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé, á höfuðborgarsvæðinu, starfrækt hundageymsla, skal hundinum komið fyrir

þar, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé hundageymsla ekki starfrækt á höfuðborgarsvæðinu eða sé um að ræða alvarlegt brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstaka hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs, sem staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim aðilum, sem nú halda hund og leita vilja undanþágu skv. 2. gr. er gefinn frestur til þess að sækja um hana til 1. október 1976. Sami frestur er veittur öðrum þeim, sem nú halda hunda, til þess að fjarlægja þá úr bænum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. október 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Neshreppi utan Ennis.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi Neshrepps utan Ennis eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjald við ákveðinn hundradshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	1.5%
Tvíbýlishús og raðhús	1.0%
Tveggja hæða íbúðarhús	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði	0.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Bifreiðageymslur	1.5%
Annað húsnaði	0.5%